

Skólaráð Hörðuvallaskóla

7. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 9. febrúar 2017

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Arnar Björnsson, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Kristín Sigurjónsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Sigríður Einarsdóttir.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Aukinn stjórnunarkvóti

Við samþykkt fjárhagsáætlunar 2017 var gert ráð fyrir auknum stjórnunarkvóta til skólans frá og með skólaárinu 2017-2018 sem svarar einu stöðugildi. Skólastjóri hefur sett fram tillögu um að nýta svigrúmið í aðra aðstoðarskólastjórastöðu við skólann þannig að aðstoðarskólastjórar geti verið staðsettir á báðum kennslustöðum. Fyrir hendi er samþykki menntasviðs. Skólaráð lýsir sig samþykkt tillögunni. Gert er ráð fyrir að staðan verði auglýst síðar í þessum mánuði.

2. Húsnæðismál og niðurröðun næsta vetrar

Fulltrúar í skólaráði höfðu fengið send frumdrög að skýrslu Ingvars sigurgeirssonar fyrir fundinn. Í skýrslunni eru dregnar saman niðurstöður rýnihópafunda sem Ingvar hélt með starfsmönnum skólans á síðustu vikum, hvað varðar hugmyndir í húsnæðismálum skólans og viðhorf til aukinnar teymisvinnu og/eða teymiskennslu. Umræður um skýrsluna og úrvinnslu hennar. Unnið er að kostnaðarmati á lausri kennslustofu til viðbótar við Baugakór, flutningi á bókasafninu í Baugakór og fleiri kennslustofum í Vallakór. Stefnt er að því að hægt verði að taka ákvörðun um framkvæmdir og niðurröðun næsta vetrar um mánaðamót febrúar-mars. Á fundinum voru skoðaðar hugmyndir um niðurröðun í húsið í Baugakór þar sem gert er ráð fyrir að bætt verði við lausri kennslustofu þannig að einn árgangur geti verið í fjögurra kennslustofu klasa á skólalóð. Einnig ræddar lítillega hugmyndir um breytt skipulag á unglíngastigi.

Fleira ekki tekið fyrir, næsti fundur áformaður fimmtudaginn 9. mars.